

Fimmtudagurinn 2. desember 1999 kl. 12:00

134. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 37/1999

**Kvörtun Góðs fólks yfir auglýsingum og vinningaskrá
Happdrættis DAS þar sem fram kemur m.a.:
„Aðalvinningur í hverjum útdrætti 4 milljónir kr.“**

I.

Erindið

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. maí 1999, kvartar auglýsingastofan Gott fólk yfir auglýsingum Happdrættis DAS sem birtust m.a. í Morgunblaðinu, þann 1. og 11. maí 1999. Í auglýsingunum kemur m.a. fram „aðalvinningur í hverjum útdrætti 4 milljónir kr.“. Sama fullyrðing kemur fram í vinningaskrá happdrættisins. Í erindinu segir m.a.:

„...í töflu sem birt er í vinningaskránni er þessi svokallaði 4 millj. kr. vinningur hvergi birtur. Sé lesið úr töflu vinningaskrárinnar kemur í ljós að aðalvinningur er 2 milljónir kr. á hvern miða. Eigi einhver tvo miða með sama tölunúmeri getur viðkomandi fengið tvo 2 millj. kr. vinninga, en 4 millj. kr. vinningur er ekki til í skránni.

Hér er greinilega um villandi upplýsingar að ræða og því brot á 21. gr. samkeppnislaga þar sem segir m.a. að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum.

Til skýringar má nefna að ef einn miðaeigandi fær 2 millj. kr. vinning geta aðrir miðaeigendur ekki fengið 4 millj. kr. vinning. Slíkur vinningur er því ekki til sem sjálfstæður vinningur í vinningaskrá. Fyrirsögn í texta vinningaskrár þar sem segir Tvöfaldir miðar – tvöfaldir vinningar vísar til þess að hægt sé að kaupa tvo miða með sama tölunúmeri. Því er um að ræða tvo 2 millj. kr. vinninga á tvo miða, en tvöfaldir miði er í raun ekki til, aðeins einfaldir miðar. Þarna er um villandi upplýsingar að ræða því á öðrum stað í vinningaskránni stendur að miðinn kosti 700 kr. og því gefið í skyn að fyrir 700 kr. á mánuði

megi fá 4 millj. kr. á einn miða, þegar í raun þarf að eiga tvo miða til að eiga slíkan möguleika og greiða fyrir það 1.400 kr. á mánuði en ekki 700 kr.

Greinilegt er að verið er að blekkja neytendur og á vísvitandi hátt nýta sér takmarkaða þekkingu og reynslu þeirra á útreikningum á upplýsingum úr vinningaskráum happdrætta og tölfræðilega túlkun þeirra. Hér er því greinilega um að ræða brot á 21. gr. samkeppnislaga og er þess krafist að umræddar auglýsingar verði ekki birtar aftur nema með viðeigandi breytingum. Jafnframt er þess krafist að dreifing á vinningaskrá Happdrættis DAS 1999–2000 verði stöðvuð nema gerðar verði á henni viðeigandi leiðréttingar.“

II.

Málsmeðferð

1.

Alls sendi Gott fólk Samkeppnisstofnun fimm erindi vegna auglýsinga Happdrættis DAS. Erindin voru send happdrættinu til umsagnar með bréfi, dags. 26. maí 1999. Í bréfi, dags. 1. júní 1999, óskar Happdrætti DAS eftir framlengingu á fresti til svara sökum umfangsmikilla erinda Góðs fólks. Jafnframt kemur fram að Happdrætti DAS muni leitast við að sneiða hjá umdeilanlegum atriðum í auglýsingum þar til samkeppnisyfirvöld hafi fjallað um málið.

Samkeppnisstofnun veitti happdrættinu umbeðinn frest til svara. Jafnframt var þess farið á leit að þau atriði sem Gott fólk kvartaði yfir í auglýsingum happdrættisins yrðu ekki notuð í auglýsingum á meðan á málsmeðferð stæði.

2.

Með bréfi, dags. 21. júní 1999, frá lögmanni Happdrættis DAS, Óttari Pálssyni hdl., er þess krafist að erindum Góðs fólks verði vísað frá samkeppnisyfirvöldum. Í bréfinu segir m.a.:

„Fyrir liggur að téðar kvartanir eru lagðar fram af hálfu auglýsingastofunnar Góðs fólks...

Í tilefni af þessu tekur umbjóðandi okkar fram að einungis þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geta átt aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum, sbr. 9. gr. reglna nr. 672/1994 um málsmeðferð

samkeppnisyfirvalda og almennar reglur stjórnsýsluréttar. Umbjóðandi okkar byggir á því að sá einn sem hefur einstaklega hagsmuni umfram aðra geti átt aðild að máli fyrir samkeppnisyfirvöldum og jafnframt að þeir hagsmunir verði að vera verulegir. Að mati umbjóðanda okkar hefur auglýsingastofan Gott fólk ekki augljóslega hagsmuni af þeim kvörtunum sem beinast gegn honum og ekki hefur verið leitast við að sýna fram á þá hagsmuni sérstaklega, sbr. þó skýr fyrirmæli 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 672/1994.

Samkvæmt þessu er því fram haldið af hálfu umbjóðanda okkar að kvartanir auglýsingastofunnar sem slíkar verði ekki teknar til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum...

Í ljósi þessa fer sá háttur sem hafður er á rekstri málsins í bága við áðurnefndar málsmeðferðarreglur samkeppnisyfirvalda og almennar stjórnsýslureglur. Málinu ber því að vísa frá samkeppnisyfirvöldum nú þegar.“

3.

Bréf Happprættis DAS var sent Góðu fólki til umsagnar og barst svar þeirra, dags. 5. júlí sl. Þar segir m.a.:

„Auglýsingastofan Gott fólk annast öll auglýsingamál fyrir flokkahappprætti Happprættis Háskóla Íslands. Mikil samkeppni ríkir á íslenskum happprættismarkaði og í starfi sínu fyrir Happprætti Háskóla Íslands er Góðu fólki skylt að fylgja ákvæðum og reglum samkeppnislaga.

Þessar reglur móta starfsskilyrði Góðs fólks þar sem þær marka hvaða leiðir eru heimilar í kynningarstarfi og auglýsingum. Leiki vafi á að keppinautar Happprættis Háskóla Íslands fylgi sömu reglum í sínu auglýsingaefni hefur Gott fólk hagsmuni af því að fá úr því skorið hvað teljist eðlilegir viðskiptahættir og hvaða mörk samkeppnislög setja fyrirtækinu í starfi sínu fyrir viðskiptavinum sína.

Rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum frá keppinautum geta því haft áhrif á árangur Góðs fólks í starfi sínu og skert möguleika Góðs fólks til að gefa neytendum raunsanna mynd af eiginleikum þeirrar vöru sem fyrirtækið hefur umboð til að kynna og auglýsa.

Gott fólk hefur því sannanlega hagsmuna að gæta með að óska eftir áliti Samkeppnisstofnunar á þeim kærnum sem til umræðu eru...

Teljist vafi leika á að Gott fólk hafi lögvarða hagsmuni að gæta skal tekið fram að kærurnar eru settar fram í umboði Happraættis Háskóla Íslands og með þeirra samráði og samþykki. Ef óskað er eftir verður skriflegt umboð þess efnis sent Samkeppnisstofnun.“

4.

Í ljósi þess að fram hafði komið að erindi Góðs fólks voru send í umboði Happraættis Háskóla Íslands taldi Samkeppnisstofnun að skilyrði 7. gr. reglna um málsmeðferð, nr. 672/1994, væru uppfyllt. Stofnunin sendi því málsaðilum bréf, þann 6. júlí 1999, þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að taka málin til meðferðar. Jafnframt var Happraætti DAS veittur frestur til 14. júlí með að koma að athugasemdum og skýringum í málinu.

5.

Svar barst frá Happraætti DAS, dags. 8. júlí 1999. Fram kemur í svarinu að ekki standi til að birta umræddar auglýsingar aftur. Kröfu Góðs fólks um að dreifing á vinningaskrá happraættisins verði stöðvuð er hafnað með eftirfarandi rökum:

„Að verulegu leyti má hér vísa til umfjöllunar um notkun á hugtökunum einfaldur og tvöfaldur miði... Sem fyrr bendir umbjóðandi okkar á að slík hugtakanotkun eigi sér ákveðna merkingu í hugum neytenda með áþekktum hættum og hugtakið „trompmiði“ sem kvartandi notar í sínum rekstri. Þannig verður ekki talið að það sé röng fullyrðing eða villandi í skilningi 21. gr. laga nr. 8/1993 að tala um að aðalvinningur í hverjum útdrætti sé 4 milljónir króna. Sé vinningurinn greiddur út er hann greiddur út í einu lagi, þ.e. með einni ávísun. Þeir sem eiga tvöfaldan miða eiga möguleika á slíkum vinningi og er hann aðalvinningur hvers mánaðar.

Þá mótmælir umbjóðandi okkar því sem gefið er í skyn í erindi kvartanda, að upplýsingar um verð á happraættismiðum umbjóðanda okkar sé villandi eða til þess fallið að blekkja neytendur.

Með vísan til þessa heldur umbjóðandi okkar fram að nefndar auglýsingar hans í Morgunblaðinu 1. og 11. maí sl. hafi hvorki verið rangar né villandi í skilningi 21. gr. laga nr. 8/1993.“

6.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1999, svarar Gott fólk athugasemdum Happdrættis DAS. Þar segir m.a.:

„Lögmaður Happdrættis DAS tekur það dæmi máli sínu til stuðnings að gangi báðir vinningar út á einu númeri (2 milljónir kr. hvort) séu þeir greiddir með einni ávísun að verðmæti 4 milljónir kr.

Um það var ekki deilt að 4 milljónir kr. kynnu að ganga út til viðskiptavinar Happdrættis DAS sem ætti tvo einfalda miða með sama tölunúmeri og hreppti hæsta vinning að verðmæti 2 milljónir kr. á hvorn miða. Aftur á móti var deilt um þá framsetningu að hægt væri að hreppa 4 milljónir kr. í vinning á „tvöfaldan“ miða þar sem hvergi kom fram að hann kostaði tvöfalt verð eins miða og um leið kynnt að miðaverð væri einungis 700 kr. á mánuði.

Það er rétt að áréttta að tvöfaldur miði er ekki til í vinningaskrá Happdrættis DAS. Það eru einungis til tveir sjálfstæðir einfaldir miðar (þótt þeir séu með sama tölunúmeri). Þessu til skýringar er rétt að vísa til umsagnar samkeppnisráðs sem lögmaður Happdrættis DAS vísaði einnig til í sínu erindi. Þar kemur fram að í hverju tölunúmeri geta verið til fleiri en einn miði. Þar eru nefndir fjórir einfaldir miðar hjá Happdrætti Háskóla Íslands, auk trompmiða. Hvergi er vísað til tvöfaldrá miða í umsögn samkeppnisráðs, enda eru þeir ekki til sem sjálfstæð eining, hvorki í vinningaskrá né heldur er hægt að kaupa tvöfaldan miða. Það er hinsvegar hægt að eiga tvo miða með sama tölunúmeri. Tilgangur lögmanns með tilvísun í umsögn samkeppnisráðs í þessu samhengi og hvernig hún er röksemdarfærslu hans til framdráttar er því óljós.

Eina röksemdarfærslan í svari lögmannsins vísar til þess að þeir sem eigi „tvöfalda“ miða eigi möguleika á 4 milljóna kr. hæsta vinningi. Um það er ekki deilt að einstaklingar sem eiga fleiri en einn miða í sama tölunúmeri geti fengið andvirði vinningsins greitt í hlutfalli við framlag sitt. Það breytir því hinsvegar ekki að tvöfaldur miði er ekki til sem sjálfstæð eining í viðskiptum Happdrættis DAS við neytendur og hæsti vinningur í hverjum útdrætti hlýtur að miðast við þær upplýsingar sem fram koma í vinningaskrá...

Þar sem lögmaður vísar í trompmiða Happdrættis Háskóla Íslands í svari sínu er rétt að taka fram að trompmiðinn er sjálfstæð eining (einn miði) sem kostar fimmfalt meira en einfaldur miði og hefur sjálfstæða vinningaskrá sem er ekki byggð upp á margfeldi af einföldum miðum.“

7.

Í bréfi, dags. 9. september sl., bárust athugasemdir Happraættis DAS við bréfi Góðs fólks. Þar segir:

„Í athugasemdum kvartanda er varða þetta erindi er enn komið að hugtakinu „tvöfaldur miði“. Umbjóðandi okkar ítrekar að sú hugtakanotkun verður vart talin villandi enda er hún að hans mati eins lýsandi og orðið getur. Um er að ræða miða sem veitir handhafa miðans von á tvöföldum vinningi á eitt númer. Hæsti mögulegi vinningur í hverjum flokki á slíkan miða hefur tvöfalt verðgildi á við sambærilegan vinning á einfaldan miða og hefur umbjóðandi okkar leyft sér, án þess að ætla að með því sé verið að villa um fyrir neytendum, að kalla slíkan vinning „aðalvinning“. Í apríl er aðalvinningurinn samkvæmt þessu 40.000.000. Umbjóðandi okkar hafnar samkvæmt þessu alfarið að auglýsingar hans séu til þess fallnar að villa um fyrir neytendum.“

Í bréfi Góðs fólks, dags. 22. september, og í bréfi Happraættis DAS, dags. 13. október sl., kemur ekkert fram um mál þetta sem hér er til umfjöllunar.

8.

Með bréfum, dags. 14. október 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Álit auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd fjallaði um mál þetta á fundi sínum, þann 18. nóvember 1999. Fund auglýsinganefndar sátu Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða auglýsinganefndar var eftirfarandi:

„Með vísan til gagna málsins, þ.m.t. vinningaskrár, telur auglýsinganefnd ljóst að hæsti vinningur í hverjum útdrætti Happraættis DAS er 2 milljónir kr. á hvern miða. Til þess að fá 4 millj. kr. vinning í Happraætti DAS þarf viðkomandi að eiga báðar flokkaraðirnar, A og B, fyrir vinningsnúmerið. Fullyrðingin um að aðalvinningur í hverjum útdrætti sé 4 milljónir kr. er því röng og villandi og brýtur í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd telur ekki ástæðu til athugasemda við hvort notuð séu orðin tvöfaldir miðar eða tveir einfaldir miðar á sama númeri fyrir A og B flokkaraðir Hapdrættis DAS. Ávallt skal þó gæta þess að ekki sé gefið til kynna að verð fyrir tvöfaldan miða sé það sama og fyrir einfaldan miða þ.e. aðra flokkaröðina.“

IV. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 2. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Karitas Pálsdóttir, Óðinn Elísson, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

Samkeppnisráð er sammála því áliti auglýsinganefndar að fullyrðingin um að aðalvinningur í hverjum útdrætti sé 4 milljónir kr. sé röng og villandi. Fullyrðingin brýtur því í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 en þar segir m.a. að óheimilt sé að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum enda séu upplýsingarnar fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn vara eða þjónustu.

Samkeppnisráð telur nauðsynlegt að banna Hapdrætti DAS að birta samsvarandi fullyrðingar og þær sem mál þetta fjallar um þar sem ekki kemur fram að átt er við vinninga á tvo miða með sama númeri, þ.e. báðar flokkaraðir hapdrættisins.

V. Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Hapdrætti DAS, Tjarnargötu 10, Reykjavík, að fullyrða að aðalvinningur í hverjum útdrætti sé 4 milljónir kr. þar sem slíkt er rangt og villandi.

Bannið tekur gildi við birtingu.“